

Starfsreglur um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 32/2022-2023

1. gr.

Ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni, kenningarnefnd, er biskupi og öðrum kirkjulegum stjórnvöldum til ráðgjafar um mál er varðar kenningu og játningargrundvöll íslensku þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Kenningarnefndin skal fjalla um mál sem kirkjuleg stjórnvöld vísa til hennar um

- a) kenningargrundvöll evangelísk-lútherskrar kirkju, játningar og boðun,
- b) embætti evangelísk lútherskrar kirkju,
- c) handbók kirkjunnar, helgihald og trúarlíf,
- d) samkirkjuleg málefni.

3. gr.

Biskup Íslands er formaður kenningarnefndar. Aðrir nefndarmenn eru

- a) vígslubiskupar,
- b) prófessor í trúfræði við guðfræði- og trúarbragðafraeðideild Háskóla Íslands. Varamann hans skal guðfræði- og trúarbragðafraeðideild tilnefna úr hópi fastra kennara deildarinnar,
- c) einn tilnefndur af kirkjuþingi og annar til vara,
- d) einn tilnefndur af prestastefnu og annar til vara.

Kenningarnefnd kýs sér varaformann.

4. gr.

Þá nefndarmenn sem greinir í stafliðum b-d í 1. ml. 3. gr. skipar biskup til fjögurra ára, frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskosningar.

5. gr.

Biskup Íslands leggur kenningarnefnd til fundaraðstöðu og sér um alla þjónustu við nefndina, svo sem vörslu skjala hennar, fundaraðstöðu og gagnaöflun.

6. gr.

Kostnaður af störfum kenningarnefndar greiðist af kirkjustjórninni.

7. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 821/2000, með síðari breytingum.

Gildistaka 24. október 2022.